


Alþingi
Érindi nr. Þ 128, 1700
komudagur 10. 4. 2003



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Reykjavík 14. apríl 2003.

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til lag um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu 637. mál.

Inngangur:

Almennt skiptir verndun Mývatns og Laxár miklu bæði frá sjónarmiði náttúruverndar og nýtingar. Frá sjónarmiði náttúruverndar er um að ræða svið líffræði, jarðfræði, náttúruminja og fornleifa. Nýtinga fugla og fiska hefur verið samofin búsetu við Mývatn og Laxá frá landnámi sbr. niðurstöður fornleifa og sagna. Silungsveiði var einn af veigamestu þáttum búsetu við Mývatn þótt silungsveiði nú sé ekki nema svipur hjá sjón og hefur því gengið á hefðbundna nýtingu hlunninda bænda við vatnið, sem hér á landi hefur hvergi hefur haldist jafn mikil og lengi.

Á síðustu áratugum hefur nýting veiði í Laxá einkum verið til sportveiða en slíkar veiðar skila veiðiréttarhöfum margföldum þeim tekjum sem afli myndi skila á markaði. Veiðiréttur fylgir landi og veiðiréttarhafar í flestum tilfellum bænda. Tekjur af veiði eru veita fjármagns frá þéttbýli til dreifbýlis auk þeirra tekna gjaldeyris sem hinir fjölmörgu erlendu veiðimenn skilja eftir sig.

Um er að ræða stangveiði á staðbundnum urriða í Laxá frá Mývatni að Brúafossum. Á efri hluta Laxár í Aðaldal er um að ræða veiði einkum á staðbundnum urriða auk þess sem þar er nokkur laxveiði sem eykst eftir því sem neðar dregur en Laxá í Aðaldal er rómuð fyrir veiði. Lax og silungsveiði er einnig í hliðarám Laxár, Mýrarkvísl og Reykjadalssá. Undirstaða nýtingar þeirra verðmæta sem hér um ræðir er að hún sé sjálfbær, ekki sé tekið meira en það sem stofnarnir þola og nægilegt skilið eftir til hrygningar. Frumforsenda þess að lífríki geti þrífist er að umhverfið sé ómengað og að mannlegar athafnir valdi ekki röskun.

Fjölbreytni og náttúrufergurð Mývatns og Laxár eru aðdráttarafl hinna fjölmörgu ferðamanna sem svæðið sækja heim. Þetta er fyrst of fremst sú náttúruauðlind sem svæðið býr yfir. Í verndun þess liggur ábyrgð þeirra sem með fara.

Það lagafrumvarp sem hér er fram lagt koma í framhaldi af eldri lögum sem sett voru í kjölfar Mývatnsdeilunnar svokölluðu.

Frumvarpið

Brýnt er að litið sé til alls vatnasviðsins við gerða náttúrverndaráætlunar því það sem á það fellur mun fyrr eða síðar berast í vatn og þaðan áfram niður vatnakerfið og til sjávar.

Í **4 gr.** segir: **forðast skal að valda spjöllum.** Þessi setning er veik og ekki í samræmi við þá ábyrgð sem almennt er lagt á þegna landsins. Betur væri að kveða fastar að orði t.d. **óheimilt** er. Telja verður að erfitt sé að koma við og beita refsiakvæðum laga þessara með núverandi orðalagi ef spjöll verða unnin.

Varðandi reglugerð sem getið er um í **4 gr.** þá þyrfti hún að liggja fyrir allavega í megin dráttum jafnhliða nýjum lögum til að víst sé að markmið ákvæðisins nái fram að ganga.

Í **7 gr.** er getið um Náttúrurannsóknastöð við Mývatn og hlutverk hennar til að stunda rannsóknir á náttúru og Lífríki Mývatns. Undirstrika má mikilvægi þeirra rannsókna og efla sem mest. Í þekkingu felst forsendur verndunar og skinsamlegara nýtingar. Jafnframt má minna á mikilvægi þess að tengja frekar rannsóknir og þekkingu á náttúru og mannlífi sem óvída hér á landi hefur verið jafn greinileg og samofin og við Mývatn og Laxá.

Í **8 gr.** er getið um reglugerð um skipan og hlutverk fagráðs. Benda má að æskilegt er að tilgreina t.d. lengd skipunartíma manna í fagráð.


11 gr. Gildistaka laga þessara og ákvæði til bráðabirgða stangast á. Gert er ráð fyrir gildistöku laganna 1. október 2003. Í ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir að verndaráætlun sú sem um getur í **6. gr.** verði lokið fyrir 1. janúar 2005. Hér er um misræmi í tíma að ræða og því verður að telja nauðsynlegt að verndaráætlun liggja fyrir þegar löggin taka gildi.

Í lið **II til bráðabirgða: hefjast** er tvítekið í efstu línu.

Betur færi að færa fyrirhuguð friðlýst svæði inn í verndarsvæði Mývatns og Laxár. Með því fæst heildarmynd af svæðinu en með slíkri heildstæðu er líklegt að gildi verndarsvæðisins og friðlýstra svæða geti aukist til muna. Ekki verður séð að neinn geti borið annað en hag af slíku.

Fram kemur að friðlýsing landsvæða er tímafrek. Það eru enn fremur rök í þá veru að hafa friðlýst svæði sem hluta af verndarsvæði Mývatns og Laxár.

Virðingarfyllst,



Guðni Guðbergsson

Veiðimálastofnun

Vagnhöfða 7

110 Reykjavík